## 1998 nr. 144 22. desember
## [Lög um refsiábyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka][1)]

1) *L. 99/2002, 4. gr.*

**Tóku gildi 30. desember 1998.** *Breytt með* l. 99/2002 (tóku gildi 31. maí 2002) og l. 125/2003 (tóku gildi 30. des. 2003).

■ **1. gr.** [Nú er í starfsemi lögaðila framið brot gegn 109. gr. eða 1. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt. Nú er í starfsemi lögaðila framið brot gegn 264. gr. almennra hegningarlaga og frumbrotið, sem ávinningur stafar af, varðar 109. gr. eða 1. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga og er þá sömuleiðis heimilt að gera lögaðilanum fésekt.][1)]

1) *L. 125/2003, 5. gr.*

■ [**2. gr.** Nú er í starfsemi lögaðila framið brot gegn 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga og er þá heimilt að gera lögaðilanum fésekt.][1)]

1) *L. 99/2002, 3. gr.*

■ [**3. gr.** Um tilhögun refsiábyrgðar samkvæmt lögunum fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.][1)]

1) *L. 125/2003, 6. gr.*

■ [**4. gr.**][1)] Lög þessi öðlast þegar gildi.

1) *L. 125/2003, 6. gr.*

ELDRI ÚTGÁFA